

Nd.

426. Frumvarp til laga

[214. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

16. gr. orðist svo:

Rannsóknastofnanir ríkisins skulu annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigðiseftirlitsins skv. lögum þessum. Sveitarfélög standa undir kostnaði við rannsóknir þessar og fer um hann skv. gildandi lögum um einstakar stofnanir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem er fylgifrumvarp með öðrum er snerta breytingar á lögum nr. 74/1977 um matvælarannsóknir ríkisins, og breyt. á lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum o. fl. er lagt til að kveðið verði skýrt á um greiðsluskyldu vegna rannsókna á vegum heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Til þessa dags hefur ríkissjóður staðið undir öllum matvælarannsóknum á þessu sviði, án þess að séð verði að bein lagaskylda hvíli á ríkissjóði til þess. Hefur verið varið til þessara rannsókna ákveðinni fjárhæð á fjárlögum hvers árs. Með stofnun matvælarannsókna ríkisins, sbr. l. nr. 74/1977 var ætlunin að þessi þjónusta yrði sveitarfélögunum að kostnaðarlausu auk þess sem hún yrði stórlega aukin. Miðað við þau fjárframlög sem þeirri stofnun er ætluð á fjárlögum yfirstandandi árs stenst þetta ekki. Visast um það til athugasemda við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/1977 um matvælarannsóknir ríkisins, sem lagt er fram jafnhliða þessu frumvarpi.

Samkv. lögum nr. 12/1969 16. gr. hvílir sú skylda á rannsóknarstofnunum ríkisins að annast nauðsynlegar rannsóknir á þessu sviði. Er þetta sjálfsgagt ákvæði og ekki ætlunin að hrófla við því. Hins vegar er hér lagt til að lögfest verði greiðsluskylda sveitarfélaga vegna þessara rannsókna enda er það í samræmi við þá meginreglu að heilbrigðiseftirlit í héraði er á kostnað viðkomandi sveitarfélags, sbr. 1. gr. l. nr. 12/1969. Hinar ýmsu rannsóknastofnanir ríkisins hafa að lögum gjaldtökuheimildir og beita þeim. Allar aðrar rannsóknir á vegum heilbrigðiseftirlitsins en matvælarannsóknir hafa sveitarfélögin þurft að greiða nema fengist hafa sérstök heimild ráðuneytis til annars og fé sé til slíks á fjárlögum. Með þessari breytingu er því einnig reynt að samræma þessi mál.

Með frumvarpi þessu er einnig lagt til að felldur verði niður 2. ml. 16. gr. núgildandi laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit en þar er kveðið á um heimild fyrir ráðherra til þess að leyfa sveitarstjórnnum að láta rannsaka sýnishorn á öðrum rannsóknastofnunum en ríkisins. Þetta ákvæði er óþarft í dag hvað snertir matvælarannsóknir með hliðsjón af tilveru matvælarannsókna ríkisins enda geyma lög um þá stofnun ákvæði er heimila ráðherra að fengnum tillögum landlæknis að fela öðrum rannsóknastofnunum að annast rannsóknir sérstakra verkefna sem stofnunin getur ekki annast sjálf, sbr. 4. gr. 3. mgr. laga nr. 74/1977. Það er skoðun ráðuneytisins að núgildandi ákvæði varðandi þetta hafi eingöngu haft raunhæfa þýðingu hvað snertir matvælarannsóknir, eðli þeirra rannsókna vegna, en hafi verið allsendis óraunhæft varðandi aðrar rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið. Slíkar rannsóknir hafa alltaf farið fram á vegum rannsóknastofnana ríkisins enda aðrir vart í stakk búnir til að sinna þeim.